

# Athugasemdir við drögum undirbúningskjörbréfanefndar að málavaxtalýsingu vegna norðvesturmáls

Meðfylgjandi eru athugasemdir við drögum að málavaxtalýsingu vegna norðvesturmálsins svokallaða frá undirbúningskjörbréfanefnd sem birt voru á vef Alþingis þann 2021-11-08 hér <https://www.althingi.is/thingnefndir/nefndastorf/erindi/> og nánar tiltekið hér <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-137.pdf>

Nú er að mér vitandi ekkert tilgreint í lögum um kosningar til Alþingis um "frestun" fundar þar sem talning atkvæða fer fram. Því má álykta að slík "frestun" á fundi þar sem talning atkvæða fer fram sé lögleysa.

Ég óska eftir að undirbúningskjörbréfanefnd athugi hve algengt sé að svona talningar-"fundum" yfirkjörstjórna í alþingiskosningum hafi verið "frestað" í stað þess að vera slitið, eins og vani hafi verið orðinn í norðvestur samkvæmt orðum formanns yfirkjörstjórnar norðvestur.

Hefur svona "frestun" á fundum kjörstjórna þar sem kjörgögn eru meðhöndluð tíðkast í öðrum kjördæmum? Með eða án innsigliana á kjörgögnum á meðan á "frestun" fundar stóð?

Hefur formaður yfirkjörstjórnar í norðvestur verið krafinn um svör á því hve langt aftur í tímann þessi fundarfrestunarvani í norðvestur náí?

Hafið þið leitað liðsinnis stærðfræðinga sem vel eru að sér í líkinda- og tölfræðireikningi til að leggja mat á hve líkleg eða ólíkleg ýmis tilvik sem urðu milli fyrri og síðari talningar séu?

Vil ég benda á að mjög ótrúverðugt er að 17666 talan hafi skilað sér sem heildartala talinna atkvæða í fyrri talningu án nokkurra viðvörunarbjallna ef útskýring á þeirri atkvæðafjöldavillu er eins og lýst er í drögum. Sama -2 atkvæðamagns villan hafi þurft að verða beggja megin í afstemmningu ef ég skil þetta rétt. Að slíkt gerist hlýtur að teljast yfir meðallagi ólíklegt.

Að endingu vil ég enn og aftur áréttta þá skoðun mína að einungis valmöguleikarnir uppkosning eða endurkosning séu farsælar úrlausnarleiðir í þessu alvarlega máli. Uppkosning í norðvestur sé hin lagalega rétta leið, nýjar kosningar séu hin lýðræðislega rétta leið. Hvet ég meðlimi undirbúningskjörbréfanefndar/kjörbréfanefndar og alla þá þingmenn sem að endingu munu ákveða um niðurstöðu í þessu máli að kjósa hina lýðræðislega réttu leið.